

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1993

1. febrúar 1993

61

Nr. 40

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi í febrúar 1993.

Nýtt tollafgreiðslugengi fyrir írskt pund verður skráð 2. febrúar 1993.

Írskt pund IEP 96,716

Tollverð vöru samkvæmt auglýsingu þessari skal ná til allra vara sem ótollafgreiddar eru frá og með 2. febrúar. Um tollvarning sem fengið hefur bráðabirgða tollafgreiðslu eða heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 605/1987. Tollverð annarra vara en þeirra sem keyptar eru fyrir írskt pund skal fara samkvæmt tollgengisskráningu 28. janúar 1993 sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Auglýsing þessi er birt til að öðlast gildi þegar í stað, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 605/1987, um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1993.

F. h. r.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Jón H. Steingrímsson.

28. janúar 1993

Nr. 41

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir Sorphirðugjald Kr. 4 450